



BYGGINGARLYSING

Húsið er íbúðar og verslunarhús, kjallari tvær hæðir og ris. 1. hæð er ætluð verslun eða þjónusta, á efri hæðum eru fjórar íbúðir, tvær á hverri hæð. Allar íbúðir hafa séringang um eina útitröppu á garðhlið. Þriðja hæð er portbyggð um 0.8 m og með kvistum á austur og vesturhlíðum þaks. Þvottaherbergi eru innan íbúða en geymslur í kjallara bæði fyrir íbúðir og þjónusturými. Sólstofa er við suðuríbúð á 2. hæð á þaki útbýggingar 1. hæðar. Yfir henni eru þaksvalur.

Undirstöður og gólfplötur hæða eru steinsteyptrar. Gólfplata kjallara er steyppt þykk (350 mm), jámbent, án einangrunar.

Útveggir eru steinsteyptr, klæddir með einangrun og báraðri málmklæðningu, ál, á efri hæðum en sléttadír með svörtum kvarzmúr á 1. hæð. Einangrað er utan á steyptra veggir efri hæða með 100 mm steinull (Veggplata). Málmleiðarar fyrir vindklæðningu eru skrufaðir á vegg með festivinklur. Milli þeirra eru steinullarplötur festar á steinvegg með nælontöppum. Loftbil er milli jáms og einangrunar. Allt báruál utan á er dumbrautt, litur = RAL 3003. Á 1. hæð er einangrað innan á útveggi með 100 mm frauðplasti og múrað með 20 mm múr. Kjallari er einangraður utan á.

Innveggir eru að hluta steinsteyptr. Aðrir innveggir eru úr 13 mm gífsplötum á blikkstoðum. Þéttborðar eru milli leiðara við gólf og loft. Fyllt er í grind með þéttull til hljóðeinangrunar og brunavarnar. Veggir milli íbúða skulu standast kröfur um hljóðvist. (55 dB).

Þak er hefðbundið timburþak með bröttu risi. Kvistir með steypum göflum eru í þakflötum beggja vegna til vesturs og austurs. Einangrun þaks er 200 mm þakull og klætt undir spennu með 13 mm gífsplötum. (Kæðning í fl.1). Ysta þakklæðning er bárujárn með aluzinkhúð, málað dumbrautt í sama lit og veggir, litur RAL 3003.

Svalir eru við allar íbúðir á vesturhlíð. Handrið svala í 1,2 m hæð er úr galvaniseruðum stálprófilum, ómáluð.

Sólstofa er léttbyggð með gluggaprófilum úr tré. Þak er með burðarvirki úr tré. Þaksvalur eru við suðuríbúð á 3. hæð yfir sólstofu 2. hæðar. Timburgólf er í þaksvölum. Þak sólstofu er fullleinangrað og loftað. Klætt er neðan á loftið með efni í flokki 1 (gífs). Handrið á þaksvölum sólstofu er úr galvaniseruðum stálprófilum, gler á milli (sjá snið B-B)

Útitröppur eru úr steinsteypu, handrið úr galvaniseruðum stálprófilum, ómáluð.

Gluggar eru úr timbri, málaðir gráir. (Þjörgunarop eru í opnanlegum fögum herbergjaglugga). Tvöfalt verksmiðjuframleitt K-gler er í gluggum. Gler glugga á vesturhlíð, að Strandgötu, hefur aukið hljóðeinangrunargildi í gluggum er vegið hljóðeinangrunargildi fyrir lofthljóð, R'w = 35 dB. Notað er tvöfalt einangrunargler með uppbyggingunni 6 mm rúða, 12 mm bil, 4 mm rúða. Þetta gildi fyrir glugga á steinvegg nægir þar sem hljóðvist við útvegg er 66 dB en er hér að öllum líkindum minna.

Reykkyrnjarar og slökkvætki eru í öllum íbúðum og þjónusturými.

- Br. 17.05.2005, skrifstofa, fundarsalir og verslun á 1.h. Þakskeggi breytt á austuhlið, byggingarlýsing lagfærð.
- Br. 16.02.2005, pallur í stiga upp á 2. h., þakgl., skráningart.
- Br. 10.01.2005, Sh.1.hæðar 3,52 m, sund 1,5 m, sund opnað til suðurs, hurð í glugga útbýggingar intaksklefi færður inn í kjallara breytt skráningartöflu
- Br. 03.09.2004, bil milli íbúðaglugga 60 cm, skráningart.
- Br. 18.08.2004, snið í sólstofu, skráningartafla

Ádalsteinnsson
 STRANDGATA 43 HAFNARFIRÐI BL02